



Reykjavík, 14. janúar 2014

Niðurstaða athugunar á lánveitingum Stafa lífeyrissjóðs til einstaklinga

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á lánveitingum Stafa lífeyrissjóðs til einstaklinga, með vísan til 44. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athuginin fór fram á tímabilinu frá ágúst 2013 til desember 2013 með öflun gagna vegna 16 lánveitinga til fjögurra einstaklinga á árunum 2007 til 2012 og fyrirspurnum í tengslum við þau gögn. Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athuginin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins eru fyrrgreindar lánveitingar lífeyrissjóðsins að mestu í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Athuginin leiddi hins vegar í ljós að framkvæmd lánveitinganna voru í mörgum tilfellum ekki að öllu leyti í samræmi við lána- og verklagsreglur lífeyrissjóðsins og voru helstu athugasemdir og ábendingar Fjármálaeftirlitsins sem hér segir:

- Gerð var athugasemd við að sjóðfélagi hafi fengið lán hjá sjóðnum án þess að þurfa að greiða lántökugjöld eins og kveðið er á um í lánareglum sjóðsins, en samkvæmt 4. mgr. 38. gr. laga nr. 129/1997 skulu öll sjóðfélagalán sem lífeyrissjóður veitir vera í samræmi við þær reglur sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.
- Vinnulag við lánveitingar var í nokkrum tilfellum ábótavant þar sem t.a.m. skorti undirritun af hálfu sjóðsins til staðfestingar á lánsúmsóknum og á gátlistum vegna yfirferðar á gögnum við mat á lánsúmsóknum.
- Gerðar voru athugasemdir við verklag og innri eftirlitsaðgerðir varðandi afgangi og innheimtu sjóðfélagalána.

Fjármálaeftirlitið beindi því til lífeyrissjóðsins að framfylgja í hvívetna lána- og verklagsreglum sjóðsins við framkvæmd lánveitinga. Þá óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því við stjórn sjóðsins að hún fæli innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur í kjölfar athugunarinnar og skila Fjármálaeftirlitinu skýrslu um vinnulag og utanumhald sjóðfélagalánveitinga eigi síðar en 3. apríl nk.

Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins birtir stofnunin hér með opinberlega niðurstöður nefndrar athugunar.